

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar, nr. 611/2013.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Bæjarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í bæjarstjórn og í nefndum og ráðum á vegum bæjarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti séu þeir staddir í bæjarfélaginu eða í erindagjörðum á vegum þess.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. september 2021.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Hafdís Gísladóttir.